

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 25. október 2018 í máli nr. S-101/2018:

Ákærvaldið

(Kristín Ingileifsdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

Antoni Bjarnasyni og

(Magnús Guðlaugsson lögmaður)

Guðmundi S. Guðmundssyni

(Jón G. Briem lögmaður)

Mál þetta, sem dómtekið var 4. október 2018, er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 16. febrúar 2018, á hendur Antoni Bjarnasyni, kt. ..., Reykjavík og Guðmundi S. Guðmundssyni, ..., Reykjavík fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum í rekstri einkahlutafélagsins Smiðju Heiðars ehf., kt. 420408-1290, nú afskráð, Antoni sem stjórnarformanni og daglegum stjórnanda félagsins frá 30. desember 2011 til 10. febrúar 2016 og Guðmundi sem framkvæmdastjóra og stjórnarmanni frá 30. desember 2011 til 23. júní 2015 og frá þeim degi til 10. febrúar 2016 sem stjórnarmanni og daglegum stjórnanda félagsins, með því að hafa:

1. Eigi staðið skil á virðisaukaskattsskýrslu einkahlutafélagsins fyrir uppgjörstímabilið mars-apríl 2014 innan lögboðins frests og fyrir að hafa eigi staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var í rekstri einkahlutafélagsins, vegna uppgjörstímabilanna mars – apríl og nóvember – desember rekstrarárið 2014 og janúar – febrúar, maí – júní og nóvember – desember rekstrarárið 2015, í samræmi við IX. kafla laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, samtals að fjárhæð kr. 10.175.994, sem sundurliðast sem hér greinir:

Árið 2014

mars - apríl	kr.	2.782.233
nóvember - desember	kr.	1.477.406
	kr.	4.259.639

Árið 2015

janúar - febrúar	kr.	1.779.363
maí - júní	kr.	3.944.566
nóvember – desember	kr.	192.376
	kr.	5.916.305

Samtals kr. 10.175.944

2. Eigi staðið skil á staðgreiðsluskilagreinum einkahlutafélagsins fyrir greiðslu-tímabilin janúar og ágúst rekstrarárið 2014 og febrúar rekstrarárið 2015 á lögmæltum tíma og fyrir að hafa eigi staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, í samræmi við fyrirmæli III. kafla laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins vegna greiðslutímabilanna janúar til og með desember rekstrarárið 2014 og janúar, febrúar, mars, maí, júlí, ágúst, september og desember rekstrarárið 2015, samtals að fjárhæð kr. 13.094.811 hvað varðar ákærða Anton og samtals að fjárhæð kr. 12.333.274 hvað varðar ákærða Guðmund, sem sundurliðast sem hér greinir:

Hvað varðar		Hvað varðar	
2014	Anton	2014	Guðmund
janúar	kr. 421.919	janúar	kr. 421.919
febrúar	kr. 527.191	febrúar	kr. 527.191
mars	kr. 546.474	mars	kr. 546.474
apríl	kr. 613.744	apríl	kr. 613.744
maí	kr. 570.129	maí	kr. 570.129
júní	kr. 674.544	júní	kr. 674.544
júlí	kr. 616.032	júlí	kr. 616.032
ágúst	kr. 643.543	ágúst	kr. 643.543
september	kr. 803.437	september	kr. 719.087
október	kr. 775.200	október	kr. 690.850
nóvember	kr. 889.926	nóvember	kr. 777.885
desember	kr. 693.910	desember	kr. 609.560
	kr. 7.776.049		kr. 7.410.958

Hvað varðar		Hvað varðar	
2015	Anton	2015	Guðmund
janúar	kr. 698.513	janúar	kr. 614.163
febrúar	kr. 804.409	febrúar	kr. 720.059
mars	kr. 659.277	mars	kr. 659.277
maí	kr. 724.194	maí	kr. 724.194
júlí	kr. 339.072	júlí	kr. 339.072
ágúst	kr. 619.682	ágúst	kr. 505.809
september	kr. 745.434	september	kr. 631.561

desember kr. 728.181

kr. 5.318.762

desember kr. 728.181

kr. 4.922.316

Samtals kr. 13.094.811

Samtals kr. 12.333.274

Framangreind brot ákærðu teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig

- a) 1. mgr. 40. gr laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 3. gr. laga nr. 42/1995 og 3. gr. laga nr. 134/2005, að því er varðar 1. tölulið ákæru.
- b) 2. mgr. 30. gr laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1995 og 1. gr. laga nr. 134/2005, að því er varðar 2. tölulið ákæru.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Anton neitar sök. Hann gerir þær kröfur að hann verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins en til vara að honum verið dæmd vægasta refsing er lög leyfa. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

Ákærði Guðmundur neitar sök. Hann gerir þær kröfur að hann verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins en til vara að honum verið dæmd vægasta refsing er lög leyfa. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

Málsatvik:

Ákæra í málinu styðst við rannsókn héraðssaksóknara sem fór fram á grundvelli bréfs skattrannsóknarstjóra ríkisins til héraðssaksóknara 12. maí 2017 og rannsóknargagna sem því fylgdu. Í bréfi skattrannsóknarstjóra kom fram að ákærðu hefðu vanrækt að standa innheimtumanni skil á virðisaukaskatti og staðgreiðslu.

Í framburði ákærða Antons Bjarnasonar fyrir dómi kom fram að meðákærði hefði komið að máli við hann 2013 og beðið hann um að koma að rekstri Smiðju Heiðars ehf. Ákærði hefði eignast hlut í félaginu. Hann hefði aðallega séð um erlend samskipti og pantanir. Þá hefði hann séð um bankareikning ásamt meðákærða, þeir hefðu báðir verið með prókúru á reikning félagsins. Hann hefði verið stjórnarmaður í félaginu. Stjórnarfundir hefðu verið óformlegir, svona „yfir borðið“. Ákærðu hefðu séð saman um daglegan rekstur. Meðákærði hefði séð um bókhald og haldið utan um laun. Ákærði hefði séð um að greiða reikninga. Þeir

hefðu meira og minna í sameiningu ákveðið hvaða reikninga skyldi greiða. Hvað varðar skattskil, þá hefði það gerst meira og minna sjálfkrafa. Hann gat ekki svarað því til af hverju skýrslum vegna virðisaukaskatts og staðgreiðslu hafi verið skilað of seint. Trúlega hefði það verið yfirsjón. Ástæðu þess að skatti var ekki skilað til ríkissjóðs hafi einfaldlega verið blankheit. Farið hafi verið að örla á fjárskorti hjá félaginu á þessum tíma. Rekstur þess hafi ekki staðið undir sér. Enginn hafi borið ábyrgð á því hvort skattur yrði greiddur. Þeir hefðu komið að þessu saman og tekið ákvörðun eftir stöðu félagsins. Hann hefði ekki tók á að gera athugasemdir við framlögð yfirlit um skattskil og gögn sem þau væru byggð á. Hann hefði ekki haft aðgang að bókhaldi félagsins. Ákærði kveðst ekki hafa þegið laun frá félaginu eða haft ávinning af því. Þvert á móti hefði hann tapað peningum vegna rekstursins. Félag í hans eigu, Byggðarendi ehf., hefði lagt félaginu til húsnæði og peninga. Aðalástæða gjaldþrotsins hafi verið vanmat á vinnu á byggingarstað.

Í framburði ákærða Guðmundar kom fram að hann hafi verið hluthafi í Smiðju Heiðars ehf. sem starfaði hafi sem járnsmiðja. Hann hafi haft áhuga á að selja svalalokanir og hafi komið með þá þekkingu inn í smiðjuna. Fékk hann meðákærða í lið mér sér. Hann hafi verið skráður framkvæmdastjóri. Starf hans hafi þó aðallega falist í því að sjá um bókhald félagsins og greiða reikninga ef til voru peningar. Hann hafi greitt laun. Ákærðu hefðu tekið ákvarðanir í sameiningu hvað varðar fjármál félagsins. Ákærði hefði séð um að skila skattskýrslum. Hann gat ekki útskýrt af hverju skýrslum hafi ekki verið skilað á réttum tíma og fannst það mjög skrítið að það hafi ekki verið gert. Það hafi ekki verið til peningar til að greiða skatt og það hafi verið ástæða þess að honum var ekki skilað. Ákærði kvaðst ekki hafa forsendur til að gera athugasemdir við framlögð yfirlit. Hann kannaðist við að hafa hinn 8. desember 2015 undirritað veðskuldabréf að fjárhæð 30.000.000 króna fyrir hönd félagsins sem gefið var út til Landsbankans. Féð hafi farið í að greiða vanskil félagsins við hina og þessa.

Í framburði vitnisins A kom fram að hann hafi starfað hjá Smiðju Heiðars ehf. á síðustu starfsárum þess. Fjármál félagsins hafi ákærðu séð um. Hann þekkti ekki hvernig skattskilum félagsins var háttað.

Niðurstaða:

Af hálfu ákærða Antons er til stuðning sýknukröfu vísað til þess að rannsókn málsins sé haldin ágöllum og ákæran fullnægi ekki formskilyrðum 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ekki séu í ákæru tilgreindar röksemdir fyrir málsókninni, ekki sé lýst huglægu viðhorfi ákærða í ákærinni og ekki sé

rökstutt hvers vegna um meiri háttar skattalagabrot sé að ræða. Þá vísar ákærði til þess að ákvæði laga um staðgreiðslu og virðisaukaskatt eigi einungis við launagreiðanda eða skattskyldan mann en ekki fyrirvarsmann einkahlutafélags. Þá hafi ákærði ekki haft ásetning til að standa ekki skil á skatti heldur hafi einungis verið um það að ræða að fjármuni hafi skort til að greiða hann.

Af hálfu ákærða Guðmundar er á sama hátt vísað til þess að ákærði hafi ekki haft ásetning til að standa ekki skil á skatti heldur hafi einungis verið um það að ræða að fjármuni hafi skort til að greiða hann. Ekki sé um meiri háttar skattalagabrot að ræða og ákvæði laga um staðgreiðslu og virðisaukaskatt eigi einungis við launagreiðanda eða skattskyldan mann en ekki fyrirvarsmann einkahlutafélags.

Að mati dómsins er verknaðarlýsing í ákæru er skýr, uppgjörstímabil eru tilgreind og fjárhæðir vanskila sem ákærðu eru taldir bera refsíabyrgð á. Ekki er skylda að greina röksemdir sem málssókn sem ákæra er byggð á, heldur er um valkvætt ákvæði að ræða. Á það einkum við ef mál er flókið eða umfangsmikið, sbr. d-lið 1. mgr. laga nr. 88/2008. Í ákæru fer ekki á milli mála fyrir hvaða háttsemi er ákært og er ákæran ekki haldin slíkum annmörkum að ákærðu hafi ekki getað tekið til varna hvað þessi ákæruatriði varðar. Þá er ekki þörf á að í ákæru sé lýst huglægri afstöðu ákærða eða rökstutt hvers vegna um meiri háttar skattalagabrot sé að ræða heldur er um málflutningsatriði að ræða. Er því ekki er fallist á að sýkna beri ákærðu vegna óskýrleika ákæru eða vanreifunar í henni.

Hvað varðar rannsókn málsins þá er til þess að líta að ákæran er byggð á rafrænum skilagreinum og virðisaukaskattsskýrslum sem ákærðu skiluðu fyrir hönd Smiðju Hreiðars ehf. til yfirvalda. Byggist greiðslustaðan á útprentunum úr Tekjubókhaldskerfi ríkisins. Ekkert í málsvörn ákærðu gefur tilefni til þess að ráðist yrði í sérstaka rannsókn á bókhaldi félagsins í þessu máli sem einungis varðar vanskil á skatti. Var því ekki þörf á að athuga sérstaklega bókhald fyrirtækisins samhliða. Vegna varna sem fram komu í greinargerðum ákærðu lagði ákæruvaldið við meðferð máls þess fram upplýsingar úr bókhaldi félagsins þar sem fram kemur að ekki sé tilefni til ætla að kröfur sem félagið á séu tapaðar.

Í 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt er refsing lögð við því ef skattskyldur maður afhendir ekki á lögmæltum tíma virðisaukaskatt sem hann hefur innheimt eða bar að innheimta. Þá er í 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda lýst refsiverð sú háttsemi launagreiðanda að afhenda ekki skilagreinar vegna staðgreiðslu á lögmæltum tíma eða inna ekki af hendi þær greiðslur vegna launamanna sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir. Ákærðu hafa teflt fram þeirri málsvörn að ákvæði þessi taki ekki til

fyrirsvarsmanna lögaðila heldur séu þau samkvæmt orðum sínum bundin við skattaskyldan aðila annars vegar og launagreiðanda hins vegar. Fordæmi Hæstaréttar um skýringu á þessum ákvæðum eru ótvírætt á þá leið að refsíákvæðum þeirra verði beitt gagnvart fyrirsvarsmanni lögaðila vegna brota, sem drýgd eru í starfsemi lögaðilans. eru þessi andmæli ákærðu því haldlaus.

Samkvæmt 44. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélag bar ákærðu sem stjórnarmönnum félagsins að tryggja að virðisaukaskatti og afdreginni staðgreiðslu félagsins væri skilað eins og lög áskilja. Vanskil á lögboðnum opinberum gjöldum í atvinnustarfsemi eru refsiverð jafnvel þó að féleysi sé um að kenna.

Ákærðu báru sem stjórnarmenn Smiðju Heiðars ehf. sameiginlega ábyrgð á skattskilum félagsins. Verða þeir því sakfelldir fyrir brot þau sem þeim eru gefin að sök í ákæru. Með hliðsjón fjárhæðum sem ekki var staðið skil á og dómafordæmum Hæstaréttar verða brot ákærðu talin meiri háttar.

-

Refsing og sakarkostnaður:

Ákærði Anton er fæddur 1949. Sektargreiðsla sem honum var gerð, samkvæmt fyrirbyggjandi sakavottorði, vegna sérlagarefsibrota í febrúar 2014 hefur ekki áhrif á refsingu í máli þessu. Með hliðsjón af fésektarlágmarki laga um virðisaukaskatt og laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og dómafordæmum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sjö mánaða fangelsisrefsing en fullnustu refsingarinnar er frestað til tveggja ára haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá greiði ákærði greiði 21.500.000 króna í sekt til ríkissjóðs en sæti ella fangelsi í 300 daga.

Ákærði Guðmundur er fæddur 1941. Honum hefur ekki verið gerð refsing samkvæmt fyrirbyggjandi sakavottorði. Með hliðsjón af fésektarlágmarki laga um virðisaukaskatt og laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og dómafordæmum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sjö mánaða fangelsisrefsing en fullnustu refsingarinnar er frestað til tveggja ára haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá greiði ákærði 21.500.000 króna í sekt til ríkissjóðs en sæti ella fangelsi í 300 daga.

Ákærðu verða dæmdir til að greiða málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna, sem ákveðast að meðtöldum virðisaukaskatti, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Anton Bjarnson, sæti fangelsi í sjö mánuði en fullnustu refsingarinnar er frestað til tveggja ára haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Ákærði greiði

21.500.000 króna í sekt til ríkissjóðs en sæti ella fangelsi í 300 daga.

Ákærði, Guðmundur S. Guðmundsson, sæti fangelsi í sjö mánuði en fullnustu refsingarinnar er frestað til tveggja ára haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Ákærði greiði 21.500.000 króna í sekt til ríkissjóðs en sæti ella fangelsi í 300 daga.

Ákærði Anton greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Magnúsar Guðlaugssonar, lögmanns, 1.000.000 króna.

Ákærði Guðmundur greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Jóns G. Briem, lögmanns, 850.000 krónur.

Kolbrún Sævarsdóttir (sign)

Rétt endurrit staðfestir,

Héraðsdómi Reykjavíkur, 25.10.2018